

Háskólinn í Reykjavík ehf.
Menntavegi 1
101 Reykjavík

Reykjavík, 18. september 2019
UST201901-253/S.M.
11.18.03

Reglubundið eftirlit með starfsleyfi Háskólans í Reykjavík

Þann 29. ágúst sl. fór fram eftirlit með starfsleyfi Háskólans í Reykjavík vegna afmarkaðrar starfsemi með erfðabreytta sebrafiska. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit og tvær ábendingar voru gerðar.

Virðingarfyllst


Sigríður Magnúsdóttir


Einar Halldórsson

Afrit: Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur

EFTIRLITSSKÝRSLA

Háskólinn í Reykjavík (Valerie) Menntavegur 1



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	29.8.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Háskólinn í Reykjavík (Valerie)	Eftirlitsmaður	
Heimili	Menntavegur 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	600169-2039	Flokkur	Erfðabreyttar lífverur
Fullrúi fyrirtækis	Valerie Helene Maier	ÍSAT nr.	
Fullrúi fyrirtækis	Karl Ægir Karlsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram í eftirlitnu en tvær ábendingar voru gerðar er varða uppfærslu á viðbragðsáætlun og starfsleyfisumsókn.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með starfsleyfi Háskólans í Reykjavík vegna afmarkaðrar starfsemi með erfðabreytta sebrafiska. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
- Skráningar og meðhöndlun úrgangs og spilliefna (gr. 2.1, 2.2 og 3.2)
- Afmörkunar- og öryggisráðstafanir (gr. 2.3 og 3.1)
- Viðbragðsáætlun og tilkynningar vegna mengunaróhappa (gr. 4.2 og 4.3)
- Síðasta eftirlitsskýrsla
- Áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Skoðunarferð um viðeigandi svæði

Umfang starfseminnar er í samræmi við starfsleyfi og engar breytingar eru fyrirhugaðar. Rætt var um gildistíma starfsleyfisins og ferli við umsókn um nýtt starfsleyfi. Starfsleyfið gildir til 16.12.2020 og er rekstraraðila bent á að sækja tímanlega um nýtt starfsleyfi.

Úrgangur vegna starfseminnar fer til Efnamóttökunnar, rekstraraðili heldur skrár um þann úrgang sem til fellur og fær jafnframt yfirlit frá Efnamóttökunni um þann úrgang sem þangað er fluttur. Frárennslisvatn fer í gegnum tvær síur, eina grófa og aðra fina sem og í gegnum UV-síu. Við starfsemina er starfstólk klætt viðeigandi hlífðarfötum og -búnaði og hefur aðgang að hreinsi- og þvottaaðstöðu. Öryggisráðstafanir eru í samræmi við ákvæði starfsleyfisins og færir hver starfsmaður vinnudagbók í þeim rannsóknum sem hann starfar við.

Rætt var um viðbragðsáætlun og viðbrögð vegna mengunaróhappa. Kynntar voru leiðbeiningar Umhverfisstofnunar er varða tilkynningar um mengunaróhöpp. Rekstraraðili lagði fram viðbragðsáætlun sína og var bent á að uppfæra tengilið Umhverfisstofnunar þannig að tilkynningar um mengunaróhöpp berist á ust@ust.is.

Við síðasta eftirlit komu fram þjú frávik frá starfsleyfi er vörðuðu breytingar á rekstri, afmörkunarráðstafanir og skráningu úrgangs. Í kjölfarið sótti rekstraraðili um breytingu á starfsleyfi þar sem greinar starfsleyfisins er varða umfang starfseminnar og afmörkunarráðstafanir voru uppfærðar, breytingin var minniháttar og tók gildi 17. maí 2018. Rekstraraðili bætti einnig verkferla er varða skráningar úrgangs og í eftirliti nú voru skráningar í samræmi við starfsleyfi.

Í eftirlitnu var kynnt áhættumat Umhverfisstofnunar, en með breytingum á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarmir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit ber Umhverfisstofnun nú að byggja tilni vettvangsheimsókna á kerfisbundnu mati á umhverfisáhættu viðkomandi starfsemi. Umhverfisstofnun hefur unnið drög að áhættumati fyrir starfsemi sem fellur undir eftirlit stofhunarinnar og er starfsemi nú áhættumetin samhliða vettvangsheimsóknum ársins. Í lok árs mun stofnunin síðan rýna heildraðt niðurstöður áhættumatsins og nota sem grunn við gerð eftirlitsáætlunar 2020.

Að loknum fundi var aðstaðan skoðuð og reyndist hún snyrtileg, vel skipulögð og í samræmi við ákvæði starfsleyfisins.

ÁBENDINGAR

- Rekstraraðila er bent á að sækja tímanlega um nýtt starfsleyfi, núverandi starfsleyfi gildir til 16.12.2020.
- Rekstraraðila er bent á að uppfæra tengilið Umhverfisstofnunar í viðbragðsáætlun sinni þannig að tilkynningar um

mengunaróhöpp berist á ust@ust.is

ANNAÐ

Einnig var viðstaddur eftirlitið fyrir hönd rekstraraðila Haraldur Þorsteinsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 18.09.2019

Sigríður Magnúsdóttir

Sigríður Magnúsdóttir